

18. mars 2021

Embætti skipulagsfulltrúa  
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar  
Þverholt 2, 270 Mosfellsbær

**Málefni: Fyrirspurn vegna hugsanlegrar umsóknar um breytingu á aðalskipulagi**

Eigendur Elliðakotslands í Mosfellsbæ (landnúmer L 123632) hafa áhuga á að sækja um breytingu á aðalskipulagi lands okkar þannig að núverandi frístundabyggð stækki til norðurs og tengist þeirri frístundabyggð sem nú er samþykkt við Selvatn. Á undanförunum árum hefur frístundabyggðin við vestanvert og norðanvert Selvatn verið að stækka og þar hafa verið deiliskipulagðar nýjar lóðir. Hins vegar er okkar hluti vatnsins (austur- og suðurendi) autt og óbyggt svæði samkvæmt núgildandi aðalskipulagi.

Meðfylgjandi mynd sýnir grófa mynd af þessari hugmynd sem við höfum áhuga á að vinna áfram og aðlaga að þeim takmörkunum sem t.d. fylgja minjaskráningu á hluta landsins.

Við landeigendur í Elliðakotslandi höfum sætt miklum takmörkunum á nýtingu landsins t.d. með vatnsverndarákvæðum. Við höfum fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir frístundalóðum í nágrenni Reykjavíkur þar sem fjöldi fólks sér kosti þess að þurfa ekki að keyra um langan veg til að komast burt frá annríki borgarinnar og eiga sér athvarf nær náttúrunni. Við teljum að þetta svæði bjóði upp á mikla möguleika til að njóta útivistar og friðsældar í frístundabyggð steinsnar frá borginni.

Eigendur vonast eftir jákvæðum viðbrögðum skipulagsnefndar svo hægt sé að undirbúa umsókn um breytingu á aðalskipulagi í framhaldinu.

f.h. landeigenda Elliðakotslands:

Guðbjörg Daníelsdóttir